

## Minnisblað: Fundur íbúasamtaka Grafarvogs

Dags: 3. apríl 2023

Eftir ítarlega úttekt á húsnæði Heilsugæslunnar Grafarvogi í lok árs 2021 leiddi í ljós myglusmit víða í húsnæðinu var ákveðið að flytja starfsemina úr húsinu á meðan eigandi húsnæðisins, Reitir fasteignafélag, ynni að endurbótum. Leitað var að húsnæði sem hentaði fyrir starfsemina í Grafarvogi en þrátt fyrir gríðarlega áherslu á að finna húsnæði í hverfinu gekk það ekki.

Á endanum var því ákveðið að skipta starfseminni í tvennt. Hluti starfseminnar var fluttur í annað rými í Spönginni. Hluti starfseminnar var fluttur á 1. hæð í Hraunbæ 115. Heilsugæslan Árbæ er í sama húsnæði en stöðvarnar eru reknar aðskilið. Fljótlega kom þó í ljós að nýja rýmið í Spönginni var ekki eins gott og vonir stóðu til og starfsfólk fór að kvarta yfir myglueinkennum. Því var ekki um annað að ræða en að flytja alla starfsemina í Hraunbæ 115 um leið og stærri hluti húsnæðisins þar losnaði enda ekki tækt fyrir skjólstæðinga og starfsfólk að bjóða upp á að vera í húsnæðinu í Spönginni.

Þó áhrifin á þjónustuna verði neikvæð á meðan framkvæmdir standa yfir í Spönginni lítur HH á þetta sem tækifæri til að endurskipuleggja starfsemina og stórbæta þjónustu við íbúa Grafarvogs. Áformað er að stöðin flytji aftur í Spöngina í byrjun árs 2024. Húsnæðið er um 1.100 fermetrar, en um 10 þúsund skjólstæðingar eru skráðir hjá stöðinni. Það ætti að fara vel um bæði starfsfólk og skjólstæðinga þar og hægt að fjölga skjólstæðingum á komandi árum án vandkvæða. Þess má geta að stöðin verður svipuð að stærð og Heilsugæslan Seltjarnarnesi sem sinnir um 15 þúsund skjólstæðingum.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins harmar að til þess hafi komið að flytja hafi þurft tímabundið starfsemi Heilsugæslunnar Grafarvogi úr hverfinu. Lögð er þung áhersla á það innan stofnunarinnar að eigandi húsnæðisins vinni hratt og vel að viðgerðum svo hægt verði að flytja aftur inn sem fyrst.

Vegna flutninganna og verður til tækifæri til að endurskipuleggja starfsemina og er sú vinna í fullum gangi. Þegar stöðin flytur aftur í Spöngina verður húsnæðið fyrsta flokks og skipulagt fyrir þarfir nútíma heilsugæslu. Það mun gera stöðina að eftirsóknarverðum vinnustað og gera starfsfólkinu kleift að bæta þjónustuna verulega.